

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 3/2020-2021

Kærandi: Aldís Schram.

Kærði: Sigmundur Ernir Rúnarsson sjónvarpsstjóri Hringbrautar.

Kæruefni: Viðtal Sigmundar Ernís Rúnarssonar við Bryndísi Schram um bók hennar „Brosað í gegnum tárin“ frá 5. nóvember 2021.

Málsmeðferð:

Kæran barst Siðanefnd BÍ með tölvupósti dagsettum 4. janúar 2021. Vegna Covid-19 faraldurs ákvað Siðanefnd að nýta sér netið til samskipta og komst hún að þeirri niðurstöðu að kæran uppfyllti þau skilyrði sem siðareglur kveða á um og að málið væri tækt. Óskað var viðbragða kærða og barst svar frá honum í tölvupósti 19. janúar 2021. Siðanefnd kom síðan saman og tók kærana til umfjöllunar á fundum sínum 26. janúar og 2. febrúar 2021 og fór yfir viðtalið á fyrri fundinum.

Málavextir:

Kært er á grundvelli 3. greinar siðareglna sem er svohljóðandi: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

Kærði hafnar því að hafa brotið gegn siðareglum BÍ.

Umfjöllun:

Kæran er viðamikil og studd fylgigögnum. Í henni eru talin 8 atriði, þar sem kærandi telur kærða hafa brotið á sér samkvæmt siðareglum BÍ. Í upphafi kærunnar tekur kærandi fram að um fjölþætt brot hins kærða sé að ræða: „*Brot gegn alm. hgl., persónuverndarlögum, fjölmiðlalögum og siðareglum BÍ.*“ Vegna þess er rétt að taka fram að ætluð brot gegn almennum hegningarlögum, persónuverndarlögum og fjölmiðlalögum eru ekki á verksviði Siðanefndar. Hennar hlutverk er að meta vinnubrögð fjölmiðlafólks með hliðsjón af siðareglum, komi slík mál til kasta hennar. Í þessu tilfelli er það því hlutverk Siðanefndar að meta hvort kærði, Sigmundur Ernir Rúnarsson, hafi gerst brotlegur við siðareglur BÍ með viðtali sínu við Bryndísi Schram.

Í lok kærunnar leggur kærandi fram eftirfarandi beiðni.

„Ég, undirrituð, kynferðisbrotaþoli Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem var aðalumræðuefnið í svokölluðum fréttapætti á Hringbraut þann 5. nóvember sl., þar sem Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Hringbrautar, bar út slúður um mig ásamt Bryndísi Schram, eiginkonu Jóns, án þess að ég fengi vörnum við komið, fer þess hér með á leit að ég verði opinberlega beðin afsökunar á því fleipri sem umræddur fréttastjóri fór með um mig í þessum óvandaða, einhliða og hlutdræga „fréttapætti“, þar sem hann sýndi mér hvorki fyllstu tillitssemi í umfjöllun sinni um þetta vandasamt mál, né forðaðist að valda mér óþarfa sársauka, eins og bar skv. siðareglum BÍ, honum sjálfum til vanvirðu.“

Það er ekki á verksviði Siðanefndar að stuðla að því að kærændur verði opinberlega beðin afsökunar. Það hlýtur að vera hlutverk hins kærða og þá aðeins af því tilefni að hann telji ástæðu til þess.

Kærði, Sigmundur Ernir Rúnarsson, svarar aðeins einum lið kæru Aldísar Schram, þar sem meint veikindi Aldísar koma við sögu. „*Allt umrætt viðtal mitt við Bryndísi byggir á bók hennar, Brosað gegnum tárin, sem hún gaf út umrætt haust, þar sem Bryndís rifjar upp ævi sína, þar á meðal*

samskipti við elstu dóttur sína, umrædda Aldísi, og lýsir þar með berorðum hætti hvernig þau hafa þróast mjög til verri vegar á síðustu áratugum, svo líkja má við fjölskylduharmleik. Bryndís viðurkennir þar bæði sín eigin mistök við uppeldi Aldísar og nefnir til sögunnar veikindi umræddrar dóttur sinnar, sem hún kallar svo.“

Kærði byggir viðtal sitt við Bryndísi Schram á bók hennar „Brosað gegnum tárin“, en þar lýsir hún meðal annars samskiptum sínum við Aldísi dóttur sína og segir þar meðal annars að hún hafi átt við veikindi að stríða. Spurningar hins kærða eru byggðar á efni bókarinnar og vísa til mála sem þar eru til umfjöllunar. Þær eru byggðar á frásögn Bryndísar og geta hvorki talist órökstuddar „fleipur“ né „slúður“. Hins vegar er rétt að benda á að í umfjöllun um viðkvæm málefni er sjaldan of varlega farið við val spurninga.

Siðanefnd tekur fram að eðlilegt sé að tekið sé viðtal við höfund nýútkominnar bókar og umfjöllunarefnið eigi fyllilega rétt á sér. Nefndin hefur áður tekið þá afstöðu að í viðtalsþáttum sé þess ekki krafist að að andstæð sjónarmið komi fram í sama þætti, en að farið sé að siðareglum BÍ við flutning þeirra.

Niðurstaða Siðanefndar er að spurningar kærða í umræddu viðtali brjóti ekki í bága við siðareglur B.Í.

Úrskurður:


Kærði, Sigmundur Ernir Rúnarsson, telst ekki hafa brotið gegn siðareglum BÍ.

Reykjavík 2. febrúar 2021.

Björn Vignir Sigurpálsson

Hjörtur Gíslason



Ásgeir Þór Árnason



Friðrik Guðmundsson



Þórdís Helgadóttir